

Nd.

405. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum er efni það, sem unnið er úr mjólk með því að þurrka hana, nefnt þurrmjólk. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, hvaða efni skuli vera í feitri þurrmjólk og feitislausri þurrmjólk, svo að fullgild vara sé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir heimild til þess að ákveða með reglugerð, sem samin er í samráði við mjólkursölunefnd og matvælaeftirlit ríkisins, að ákveðnar brauðtegundir, sem seldar eru í brauðgerðarhúsum, sé skylt að blanda þurrmjólk, er framleidd sé innanlands, og má ákveða, að þurrmjólkinn nemi allt að $\frac{1}{10}$ af þyngd þurrefnis brauðtegundar. Ákveða má, að í stað þurrmjólkur megi nota mjólk, enda samsvari magn hennar og innihald þurrmjólkinni, sem fyrirskipað er, að blandað sé í mismunandi tegundir brauðs.

3. gr.

Nú er eigi til nægileg þurrmjólk eða mjólk í vissum landshlutum, eða sérstakir örðugleikar eru á því að afla þessa, til þess að blanda í brauð, svo sem fyrir er mælt í reglugerð ráðherra, og hefir hann þá heimild til að mæla svo fyrir, að minnka megi magn þurrmjólkur eða mjólkur, er þar sé skylt að blanda í brauð, eða undanþiggja frá blöndun.

4. gr.

Nú hefir landbúnaðarráðherra fyrirskipað þurrmjólkurblöndun í brauð samkvæmt lögum þessum, og hefir hann þá heimild til að ákveða hámarksverð á þurrmjólk, er seld sé frá vinnslustöð til brauðgerðarmanna, og hámarksverð á brauðum.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra felur matvælaeftirliti ríkisins að hafa með höndum eftirlit með þurrmjólkurvinnslustöðvum og með því, að ákvæðum reglugerðar, sem gefin er út samkvæmt lögum þessum, sé hlýtt.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimilt að taka sýnishorn af brauði eða brauðefni til rannsókna úr brauðgerðarhúsum. Brauðgerðarmönnum er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, enda skal honum jafnan heimilt að athuga viðskiptabækur brauðgerðarhúsa.

6. gr.

Engum er heimilt að starfrækja þurrmjólkurvinnslustöð, nema með leyfi landbúnaðarráðherra.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita byggingarstyrk til þurrmjólkurvinnslustöðva eftir sömu reglum og gildandi eru á hverjum tíma um styrk til mjólkurbúa.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 5000 króna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af lögum þessum sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögum sé að ræða.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.